



PÉSI

ATH!!Næsti Pési kemur út í **júní**.Efni þarf að berast í síðasta lagi **2. júní 2021**



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Alltaf eitthvað af nýju efni í hverri viku. Það er um að gera að nýta „Mínar síður“ í gegnir.is / leitir.is til að sjá skiladag, framlengja og fleira. Það er auðvitað best að bókum sé skilað á réttum tíma – skilalúgan er alltaf opin.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestur er bestur ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook



Gegnur



leitir.is

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga - miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

Þvottudaga: 16:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Maí 2021
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

31 árgangur.
360 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Maímánuður er runninn upp og eftir mildan vetur er klárlega komið vor þó kuldaboli sé ekki búinn að yfirgefa næturnar. Maður finnur vorlykt í lofti, tré og runnar byrjuð að bruma og græni liturinn að færast yfir landið. Sauðburður framundan og önnur vorverk sem bíða þeirra sem yrkja landið. Það eru reyndar tíðindi varðandi blessað sauðféð að það hefur ekki verið færra á Íslandi í 160 ár og býst ég við að það sé svipuð þróun í þessari sveit. Vonandi nær þessi grein vopnum sínum því vont væri að geta ekki etið sitt hangiket!!

Það kom að því að kóvitveiran næði að stinga sér niður í sveitarfélaginu með meiri afgerandi hætti en hún hefur áður gert í þessum faraldri. Hingað til höfum við sloppið nokkuð vel en núverandi ástand minnir okkur á að þetta er ekki búíð fyrr en það er búíð. Sveitarfélagið greip til nokkuð viðamikla varúðarráðstafanna til að auka möguleikana að kveða veiruskrattann í kúttinn hratt og örugglega og vonandi mun það takast. Það hefur óhjákvæmilega í för með sér ákveðna þjónustuskerðingu í stofnunum sveitarfélagsins en ég held að reynslan hafi kennt okkur það í þessu fári að slíkar aðgerðir séu skynsamlegar til að ná árangri. Vil ég þakka starfsfólki skólanna og stofnanna sveitarfélagsins fyrir taust og góð viðbrögð við ástandinu.

Annars líður manni betur með ástandið núna að því leyti að eldri borgarar o.fl eiga að vera komin í skjól með bólusetningu og almennt séð sýnist mér að ansi margir í sveitarfélaginu séu búnir að fá eina sprautu eða tvær. Ég sendi bestu batakveðjur til þeirra sem hafa smitast og munum, það er engin skömm að smitast og smitskömm er engin skömm!!

Þrátt fyrir kóvit þá gengur nú lífið sinn gang og nú liggur fyrir ársreikningur vegna ársins 2020 og er afgreiddur í sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam rúmum 69 millj. sem er heldur meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Helstu ástæður þess að svona tókst til, þrátt fyrir töluverð kóvitáhrif, eru að stuðningaðgerðir ríkisins gögnuðust sveitarfélaginu ágætlega og almennt var reynt að halda rekstrinum á skynsamlegum nótum. Vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að gera þetta allt saman að veruleika á einkar krefjandi „fárári“.

Þá lækkaði skuldahlutahlutfallið aðeins frá síðasta ári og er um 69% en svokallað skuldaviðmið er rúmlega 45%. Fjárfestingar voru samt drjúgar eða samtals um 130 millj. og voru fjármagnaðar að mestu án lántöku sem er alltaf gleðilegt þó eignasala hafi hjálpað okkur í því sambandi. Við erum því þökkalega búin undir krefjandi rekstrarár á árinu 2021 sem tekur vissulega í budduna því árið er stærsta fjárfestingarár sveitarfélagsins frá því að ég kom hér til starfa.

Annars er góður gangur í ýmsum framkvæmdum sveitarfélagsins stórum sem smáum. Ég vil hrósa starfsmönnum áhaldahússins fyrir góð störf en það fer ekki alltaf hátt hvað þeir eru að sýsla og hvað við erum í raun sjálfbjarga um ýmis verk. Það er í raun ómetanlegt í „iðnaðarmannahallæri“ að geta gengið að starfsfólki sem getur bjargað sér um flest. Sýnist mér t.d. munur sé orðinn á kjallara Flúðaskóla, Félagsheimilinu og áhaldahúsinu af þeirra völdum.

Þegar maður horfir út um gluggann er ýmislegt í gangi. Framkvæmdir á Félagsheimilinu eru komnar vel á leið því búið er að skipta um glugga á norðurhlið Stjörnusalarins og styttest í að nýtt þak komist á miðhlutann. Það væri kostur ef sú breyting héldi vatni sem er vissulega hugmyndin með að lyfta upp þakinu. Þá er verið að skoða að sækja um styrk til þess að setja upp lyftu í þessa álmu til að auðvelda aðgengi að bókasafninu og vonandi fáum við stuðning til að þessi framkvæmd komist á koppinn.

Þá er veitingastaðurinn Minilik að stækka enda eflaust ekki vanþörf á miðað við eftirspurnina að komast í eþíópískan mat. Þessi staður er einstakur í alla staði og skapar skemmtilega stemningu í veitingarflóru sveitarinnar. Framkvæmdir við Hringtorgið eru komnar á fullt og verður ekki langt að bíða þess að við þurfum að fara í að færa Öldu aldanna en núna er verið að klára hönnun á frágangi hennar fyrir framan Félagsheimilið.

Framkvæmdir við gatnagerð í Gröf/Laxárhlið halda áfram en fornleifarannsóknir hafa þó aðeins tafið verkið. Það verður að segjast að greinilegt er að búsetusagan í Gröf er ansi merkileg og á sér mjög forna sögu. Tekin hefur verið ákvörðun að breyta skipulagi lítilla þannig að gamli bæjarhóllin verði að mestu utan framkvæmda og vonandi verður hægt að gera sögunni þarna skil. Búið er að auglýsa þessar 8 lóðir í fyrsta áfanga lausar til úthlutunar og eru komin viðbrögð við þeim strax. Verður spennandi hvornig þarna tekst til.

Þá er búið að auglýsa útboð í lagningu á hitaveitu frá Kópvatns-holunni og lagna- og gatnaframkvæmdir í Garðastíg, þar er verkinu áfangaskipt á árin 2021 og 2022. Sama má segja um útboð sem mun birtast á framkvæmdum við vatnstank í Berghylsfjalli á næstu dögum en ljóst er að við þurfum að eiga nóg af öllum tegundum að vatni vegna umsvifana í sveitarfélaginu.

Ákveðið er að halda rusladaginn föstudaginn 14. maí n.k þó það verði að aðlaga hann í samræmi við Kóvitdæmið og að á þeim degi verðum við komin á beinu brautina aftur. Ef allt gengur að óskum munu skólarnir byrja daginn en verða sjálfstæðir í störfum og síðan byrjar hefðbundnari dagskrá kl. 16:00. Við þurfum samt að slauffa grillveislunni góðu en Gunnlaugur ruslamálaráðherra mun útdeila pizzum í lok vinnudags í Lækjargarðinum. Vil ég hvetja alla til að taka til hendinni, hvort það er í skipulegri dagskrá dagsins, eða að huga að eigin umhverfi og flokkun úrgangs í annan tíma. Þessi málaflokkur snertir bæði umhverfismál almennt og einnig ásýnd sveitarinnar.

Það var gaman að geta aðeins glatt unglinga okkar með því að það náðist að skipuleggja þrjá viðburði í félagsmiðstöðinni í vor og vil ég þakka henni Ragnhildi Eypórsdóttur fyrir að skipleggja þetta fyrir krakkana. Það verður síðan annað verkefni að finna fyrirkomulag og forstöðumann fyrir félagsmiðstöðina fyrir næsta vetur með Skeiða- og Gnúpverjahreppi og er það í vinnslu. Það eru síðan að verða breytingar í ráðhúsinu þannig að Lilja okkar er að láta af störfum á næstu vikum. Búið er að ráða í hennar starf og var Eva Dís Ólafsdóttir valin úr hópi 8 umsækjanda en það var afar áægjulegt að fá margar góðar umsóknir um starfið. Vil ég þakka Lilju fyrir góð störf og bið Evu Dís velkomna til starfa.

Að lokum vil ég minna á auglýsingar sveitarfélagsins varðandi vinnuskólann í sumar og þau tvö störf fyrir námsfólk sem sveitarfélaginu stendur til boða á vegum Vinnumálastofnunar.

Eigum gott vor saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

LYFJA SELFOSI
ÚTIBÚ LAUGARÁSI
BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun



Vinumarkaðsátak ungmenna.

Sveitarfélagið Hrunamannahreppur auglýsir tvö sumarstörf til umsóknar fyrir námsfólk 18 ára og eldri .

Störfín eru liður í vinnumarkaðsátaki á vegum Vinnumála- stofnunnar. Áhugasamir geta haft samband við Skrifstofu Hrunamannahrepps í síma: 480 6600, eða sent póst á hruni@fludir.is í síðasta lagi 18. maí nk. Nánari upplýsingar á fludir.is

Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16
Tímapantanir í s: 8676580



Byggingaframkvæmdir í gangi. Minilík stækkar.



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana

Heilsulind frá landsmni

Flokkunarhornið.

**Náttúran er takmörkuð auðlind sem ber að nýta vel.
Flokkun til endurvinnslu sparar auðlindir
jarðar, orku og dregur úr urðun.**



LANDSTÓLPI 20
ára
-2000-2020-

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímapantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

SUMAROPNUN
LITLU MELABÚÐARINNAR
BYRJAR 15.MAÍ

Opið alla daga
11 - 17:30

FACEBOOK.COM/LITLAMELABUDIN
INSTAGRAM.COM/LITLAMELABUDIN/

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



ÚTBOÐ

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

Kópsvatn - Garðastígur

Verklok eru 15. júlí 2022.

Verkið felur í sér að leggja hitaveitulögn frá Kópsvatni norðan Flúða, að Garðastíg á Flúðum, ásamt endurgerð á götunni Garðastíg á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Verktaki skal jarðvegsskipta götuna samkvæmt kennisniðum þ.e. leggja styrkarlag, burðarlag og malbik á götunna. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, götuljósastrengi og setja upp ljósastaura.

Verkinu er skipt í 2 áfanga.

1. áfangi: Leggja DN150 hitaveitulögn frá fyrirhugaðri dælustöð við Kópsvatn, að Garðastíg á Flúðum. Ganga skal frá tengingu við núv. DN80 lögn sem færðir sumarbústaðabyggð við Ásabyggð, sem og öðrum tengingum á lagnaleiðinni. Fylla skal í lagnaskurði og ljúka yfirborðsfrágangi vegna lagnaskurða.
2. áfangi: Leggja skal lagnir í Garðastíg á Flúðum og jarðvegsskipta götu.

Áfanga 1 skal að fullu lokið:	1. október 2021.
Áfanga 2 skal að fullu lokið:	15. júlí 2022.
Verkinu skal að fullu lokið:	15. júlí 2022.

Helstu magntölur eru:

Helstu magntölur eru:	
Gröftur	6.200 m ³
Styrkarlag og fylling í lagnaskurði	5.600 m ³
Fráveitulagnir	990 m
Vatnsveitulagnir	520 m
Hitaveitulagnir	5.340 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 5 maí 2021. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 13:00 fimmtudaginn 20. maí 2021, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórnin í Hrunamannahrepp

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPÞJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Unnið við endurnýjun á þaki Félagsheimilisins



Stund milli stríða hjá þaksmiðum





KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið alla daga frá kl. 12.00 til 21.00.

Open daily from 12.00 to 21.00.

Borðapantanir eru í síma 486-6454

For reservations call 486-6454

Þar sem sætapláss hjá okkur verður takmarkað a.m.k. næstu vikur, þá minnum við á „take away“. Getum afhent matinn út í bíl, sé þess óskað.

As our seating capacity will be limited at least over the next few weeks, we offer take away. We can also deliver the food to your car, if requested.

Verið velkomin! *Everyone welcome!*

**<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel
Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is**

80
STAÐIR
UM LAND ALLT



E **EIMSKIP**
Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

„Koma svo!“ er göngu- og skokknámskeið fyrir byrjendur

Í maí verður í uppsveitunum fjarnámskeið fyrir þá sem vilja byrja að hreyfa sig reglulega. Við verðum með lokaðan fésbókarhóp þar sem þátttakendur fá hvatningu og faglega aðstoð. Vertu með á þínum forsendum, aðalmálið er að mæta sumrinu í betra formi og með bros á vör.

Fyrir þá sem vilja áskoranir þá endum við námskeiðið með því að taka þátt í Miðfellshlaupinu á Flúðum sem er göngu- og skemmtiskokk til styrktar Ljósinu. Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess.

Nánari upplýsingar má finna á fésbókarhópnum: „Heilsueflandi uppsveitir“



Gunnar Gunnarsson
Íþróttá- og heilsufræðingur

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá **14. júní** til og með **9. júlí** í sumar.

Míðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2005–2007.

Umsóknir berist fyrir 15. maí á Skrifstofu Hrunamannhrepps eða á netfang petur@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða Pétur í síma: 895 6603





Minna salt



Nota annað krydd
og kryddjurtir og
velja lítið unnin
matvæli.

Fjölbreytt fæði i hæfilegu magni



Einfalt að velja hollara

Embætti landlæknis • Hjartavernd • Krabbameinshilagið

www.landlaekni.is



ÚTBOD

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

Miðlunargeymis Berghylsfjalli

Verklok eru 30. júní 2022.

[Verkið felst í](#) byggingu miðlunargeymis með lokahúsi á Berghylsfjalli, ásamt lagningu jarðlagna og tengingu við núverandi aðveitu vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Verkinu er skipt í 2 áfanga.

1. áfangi: Leggja vegslóða að vinnusvæði. Jarðvinna vegna mannvirkis og uppsteypa.
2. áfangi: Lagnavinna og frágangur húss og umhverfis.

Áfangi 1 skal að fullu lokið:

1. október 2021.

Áfangi 2 skal að fullu lokið:

30. júní 2022.

Verkinu skal að fullu lokið:

30. júní 2022.

Helstu magntölur eru:

Helstu magntölur eru:

Gröftur	2.000 m ³
Fyllingar	2.000 m ³
Mótasmíði	700 m ²
Steypa	120 m ³
Vatnslagnir	200 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 12. maí 2021. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Guðmund Hjaltason hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið gh@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 13:00 miðvikudaginn 2. júní 2021, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórinn í Hrunamannahreppi



Byggingalóðir


Lausar til umsóknar

Sveitarfélagið Hrunamannahreppur auglýsir til úthlutunar eftirtaldar lóðir á Flúðum

Lausar íbúðarlóðir:

Túngata 5, 7 og 9, einbýli.

Ljónastígur 7 og 9, einbýli.



Högnastígur 7, 9 og 16 einbýli.

Lausar verslunar- og þjónustulóðir:

Sneiðin 1.



Lausar iðnaðarlóðir:

Iðjuhlóð 4, 6, 8, 10, 12, 15 og 17.

Lóðunum er úthlutað skv. úthlutunarreglum fyrir Flúðir sem er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is. Umsóknareyðublöð fyrir byggingarlóðir á Flúðum er hægt að fá á skrifstofu Hrunamannahrepps eða heimasíðu sveitarfélagsins.

Öllum umsóknum skal skilað til skrifstofu sveitarfélagsins að Akurgerði 6, 845 Flúðum.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu 20 sveitarfélagsins í síma 480-6600 eða í netfang hruni@fludir.is.





Hrunamannahreppur


Miðsvæði M2 á Flúðum



Lóðir til úthlutunar í landi Grafar

Hrunamannahreppur auglýsir til úthlutunar átta íbúðarhúsalóðir við Birkilíð og eina verslunar- og þjónustulóð við Reynilíð. Aðgengi að miðsvæðinu er frá Hvammsvegi og stótt er í helstu þjónustu á Flúðum; grunnskóla, leikskóla, íþróttahús, verslun og stjórnsýslu. Til úthlutunar eru raðhús, parhús og einbýli á tveimur hæðum og raðhús og einbýli á einni hæð við Birkilíð. Á verslunar- og þjónustulóð við Reynilíð er gert ráð fyrir húsi á tveimur hæðum, þar sem heimild er fyrir íbúð á efri hæð.

Lóðunum er úthlutað skv. úthlutunarreglum fyrir Flúðir sem hægt er að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is og umsóknareyðublöð fyrir byggingarlóðir einnig. Umsóknarfrestur er til 14. maí og skila skal umsóknum á netfangið hruni@fludir.is. Nánari upplýsingar í s. 480 6600.





Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Starfsmaður í eldhús

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða starfsmann í eldhús, um er að ræða afleysingu í júní mánuði 2021

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda rúmlega 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Hæfni

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.





Fornleifafundur í Grafarlandi. Fornleifafraeðingar að störfum

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2021

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2021. Þetta er tuttugasta sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta. Allar göngurnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema dagsgöngurnar 17. júlí og 28. ágúst sem eru farnar á laugardögum. Frítt er í allar kvöldgöngurnar en innheimt verður fyrir akstur í dagsgöngunum. Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafólk verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Allar ferðir verða auglýstar sérstaklega þegar nær dregur á facebooksíðunni “Gönguferðir í Hrunamannahreppi”.

1. ferð er 26. maí. Byrgi Fjalla- Eyvindar

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Gengið eftir götum fram Skipholtsfjall og að byrgi (búri) Fjalla-Eyvindar sem er vel falið í landslaginu. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

2. ferð 2. júní. Skipholt að Hvítá

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu í Skipholti 1. Gengið upp fjallið vestan megin við bæinn og þar áfram í vestur, yfir ása og móa, allt að Hvítá. Á þessum slóðum er hið svonefnda Steypuvað yfir Hvítá. Síðan er gengið upp með ánni og að Borgarási en þar er að finna forna fjárborg. Þaðan er gengið heim að Skipholti. Karl Guðmundsson í Skipholti mun segja frá og leiða gönguna. Gengið er á mishæðóttu landi og áætlaður göngutími er 2-3 klst.

3. ferð 9. júní. Flúðir - Túnsberg

Lagt af stað kl 20:00 frá Félagsheimilinu á Flúðum. Gengið er upp Högnastaðaás, þaðan niður í gömlu réttirnar við Túnsberg sem hafa að geyma skemmtilega sögu. Gengnar eru eyrar Litlu-Laxár til baka að Flúðum. Magga Brynjólfsdóttir í Túnsbergi leiðir gönguna. Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

4. ferð er 16. júní. Auðsholt – Markós - Auðsholtshamar

Mæting við Auðsholt 5 kl. 20:00. Gengið er eftir Hvítárbökkum frá Markósi niður á móts við Auðsholtshamar. Leiðin er full af sögum af flóðum í Hvítá, ferjunni, biskupsstólnum og landadeilum. Mjög þægileg ganga sem hentar öllum í fallettu umhverfi Hvítár. Guðmundur Gils Einarsson (Gilli) mun leiða gönguna. Áætlaður göngutími er 2 klst.

5. ferð er 23. júní. Haukholt – Brúarhlöð – Haukholt um Kónsveg

Lagt af stað kl. 20:00 frá Haukholtum og gengið sem leið liggur inn að Brúarhlöðum, á leiðinni blasa Jarlhetturnar við í allri sinni dýrð. Til baka er gengið um gamla Kónsveginn en á þeirri leið blasa gljúfur Hvítár vel við. Mjög falleg leið niður með Hvítá þar sem skiptist á beljandi áin í þröngu gljúfrinu og ganga um fallegan birkiskóg. Þægileg ganga fyrir alla aldurs-
hópa. Steinunn Lilja Heiðarsdóttir og Þorsteinn Loftsson í Haukholtum munu leiða gönguna. Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

6. ferð er 30. júní. Miðfell

Lagt af stað kl 20:00 frá Miðfelli 1 og gengið upp að framanverðu. Af Miðfelli er mikið og fagurt útsýni. Gangan upp er frekar brött en farið verður rólega og þegar upp er komið er þægileg ganga kringum vatnið og út að vörðunum. Umsjón með göngunni hefur Hanna Björk Grétarsdóttir í Miðfelli. Áætlaður göngutími 2 klst.

7. ferð er 17. júlí. Ganga í Kerlingarfjöllum. Kerling - Hveradalir – Dagsganga

Lagt af stað frá Flúðum árla dags. Ekið um Kjalveg í Kerlingarfjöll, báðar leiðir. Kerlingarfjöll eru rómuð fyrir náttúrufegurð og andstæður í náttúru-
fari og eru fjöllin sannkölluð kóróna Hrunamannahrepps. Áætlað er að ganga að Kerlingu sem er móbergsdrangi sem fjöllin eru nefnd eftir. Einnig verður gengið um Hveradali og verður nánari göngulýsing auglýst síðar. Áætlað er að gangan telji 10 – 15 km. Þanta þarf í þessa ferð í síma 6923882/6995178.

Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði vegna aksturs sem verður auglýstur síðar.

8. og síðasta ferð sumarsins 28. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga

Þetta er dagsganga, u.þ.b. 16 km. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Ánessýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í [síma 6923882/6995178](https://www.sima.is/6923882/6995178). Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.





UPPSVEITAEILD

Uppsveitadeildin hóf loksins göngu sína þetta árið og nú eru búnar tvær greinar, fjórgangur og fimmgangur..

Fjórgangur var haldinn 21.apríl og stóð Rósa Birna Þorvaldsdóttir uppi sem sigurvegari annað árið í röð á stóðhestinum Frá frá Sandhóli.

A ÚRSLIT

1. JOSERA Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Frár frá Sandhól 7,33
2. STORM RIDER Þórarinn Ragnarsson og Leikur frá Vesturkoti 7,23
3. TEAM DENNI DESIGN Ragnhildur Haraldsd. og Úlfur frá Mosfellsbæ 7,20
4. TEAM DENNI DESIGN Ólöf Rún Guðmundsd. og Snót frá Laugardælum 6,67
5. MEISTARI LOFTUR Þorgils Kári Sigurðsson og Fákur frá Kaldbak 6,63

B ÚRSLIT

5. MEISTARI LOFTUR Þorgils Kári Sigurðsson og Fákur frá Kaldbak 6,77
6. STORM RIDER Brynja Amble Gísladóttir og Goði frá Ketilsstöðum 6,67
7. FELLSKOTSHESTAR Daníel Larsen og Sókrates frá Blesastöðum 1A 6,63
8. TEAM DENNI DESIGN Sara Sigurbjörnsdóttir og Flóki frá Oddhóli 6,23
9. FELLSKOTSHESTAR Þorgeir Ólafsson og Snilld frá Fellskoti 6,03

Það var TEAM DENNI DESIGN sem var stigahæsta liðið í fjórgangnum, með alla liðsmenn sína í úrslitum. Í öðru sæti var lið STORM RIDER og lið FELLSKOTSHESTA í því þriðja.



Ólöf Rún, Sara og Ragnhildur
TEAM DENNI DESIGN

Rósa Birna og Frár frá Sandhóli

Þann 30.apríl var síðan keppt í fimmgangi og voru það Sara Sigurbjörnsdóttir og Flóki frá Oddhóli sem stóðu uppi sem sigurvegarar.

A ÚRSLIT

1. TEAM DENNI DESIGN Sara Sigurbjörnsd. og Flóki frá Oddhóli 7,31
2. FELLSKOTSHESTAR Þorgeir Ólafsson og Snilld frá Fellskoti 6,93
3. STORM RIDER Reynir Pálmason og Sifurskotta frá Sauðanesi 6,67
4. ÁRBÆJARHJÁLEIGA II Karen Konráðs og Lind frá Hárlaugsstöðum 6,52
5. STORM RIDER Þórarinn Ragnarsson og Vörður frá Vindási 4,38

B ÚRSLIT

5. STORM RIDER Þórarinn Ragnarsson og Vörður frá Vindási 6,69
6. STORM RIDER Páll Bragi Hólmarsson og Þekking frá Austurkoti 6,29
7. FELLSKOTSHESTAR Daniel Ingi Larsen og Eva frá Reykjadal 6,14
8. JOSERA Arnar Máni Sigurjónsson og Blesa frá Húnsstöðum 5,52
9. MEISTARI LOFTUR Hákon Dan Ólafsson og Júlía frá Syðri-Reykjum 5,40

Það var lið STORM RIDER sem átti stigahæsta lið kvöldsins, í öðru sæti var lið FELLSKOTSHESTA og TEAM DENNI DESIGN í því þriðja.



*Styrnir, Þórarinn, Páll Bragi og Reynir Örn
STORM RIDER*

Nánari úrslit og fréttir, stöðuna í liða og einstaklingskeppninni má finna á facebook síðu Uppsveitadeildarinnar, endilega kíkið á það og fylgið okkur á



Sara og Flóki frá Oddhóli

Þriðja og síðasta mótið fer svo fram 12. maí kl. 19.30 þegar keppt verður í tölti og skeiði gegnum höllina. Mótin eru sýnd í beinni á ALENDIS TV, við hvetjum alla til að fylgjast með þar.



Umhverfisdagur Hrunamannahrepps 2021

Föstudaginn 14. maí.

Rusladagurinn verður með öðruvísi skipulagi að þessu sinni, þar sem reglum almannavarna um 2ja metra regluna og grímuskyldu þarf að hlýða.

Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Skólarnir skipta niður með sér svæðum innan Flúðahverfisins. Íbúum Flúða og öðrum hefur vanalega verið frjálst að taka þátt á þessum tíma með skólunum, en vegna samkomubanns almannavarna þá verður það því miður ekki í boði í ár, við hlýðum Víði. Sama má segja um grillveisluna sem vanalega er haldin sameiginlega fyrir skólana, grillveislan verður ennþá, bara í sitt hvoru lagi og engir gestir leyfðir.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrkri stjórn ruslamálaráðherra, Gunnlaugs Emilssonar og hvetjum við íbúa til að koma saman og eiga góðan dag. Safnast verður saman fyrir utan Félagshemilið og skipt niður í hópa. Ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn þar sem við verðum að virða þær sóttvarnareglur, sem verða í gildi þennan dag☺ Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi. Opið verður frá 10:00 – 18:00 á gámasvæðinu þennan dag.

Eftir vel unna vinnu, hittumst við aftur í Lækjargarðinum kl 18:00. Þar verður boðið uppá pizzur frá Kaffi-Sel,

Með vinsemd og virðingu,

Umhverfisnefnd og

Gunnlaugur Emilsson Ruslamálaráðherra 2021.